

5. gr.

Úthluta skal árlega styrkjum úr Bókasafnssjóði eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins með hliðsjón af reglugerð, sbr. 2. mgr. 6. gr. Enn fremur skal úthluta til rétthafa í samræmi við lög þessi miðað við fjölda útlána bóka samkvæmt skrá um afnot bóka í bókasöfnum sem lög þessi gilda um. Fyrir hljóðrit og útgáfur í stafrænu formi er úthlutað á sama hátt.

Úthlutun skv. 3. og 4. gr. skal ákveðin á grundvelli skýrslna frá almenningabókasöfnum, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, skólasöfnum og öðrum bóka- og gagnasöfnum, að svo miklu leyti sem útlán þessara bókasafna eru tölvuskráð.

Fjárhæðir lægri er 1.000 kr. eru ekki greiddar út. Hámarksfjárhæð til einstakra rétthafa er 300.000 kr. Þessi mörk skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af verðlagsbreytingum.

6. gr.

Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda annast úthlutun samkvæmt lögum þessum. Skal hún skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára, þannig: Tveir samkvæmt tilnefningu frá Rit- höfundasambandi Íslands, einn samkvæmt tilnefningu frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirit- a og kennslugagna, einn samkvæmt tilnefningu frá Myndstefi – Myndhöfundasjóði Ís- lands og formaður stjórnar án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki skulu tilnefndir í stjórn sömu menn tvisvar í röð.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um úthlutun og aðra starfsemi sjóðsins, svo og um skráningarskyldu bókasafna og annarra gagnasafna og skýrslugerð þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Um leið fellur úr gildi 14. gr. laga um almenning- bókasöfn.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

**um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga,
nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994 og 130/1995.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „þremur fulltrúum hið fæsta“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: en þó a.m.k. fimm fulltrúum ef félagsmálanefnd eru falin verkefni barnaverndarnefndar.

2. gr.

Orðin „og skal a.m.k. einn þeirra eiga sæti í félagsmálanefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „á vettvangi byggðasamlaga“ í 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð hér á landi. Aðstoð skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í eftirfarandi tilvikum:

- a. Aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu, sbr. 1. mgr.
- b. Aðstoð við erlenda ríkisborgara skv. 12.–13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

5. gr.

Orðin „leitast við að“ í 16. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Við 18. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef sveitarfélag ræður starfsmann skal hann hafa viðhlítandi menntun.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn skal setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, sbr. 2. mgr., að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd metur þörf og ákveður fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram.

8. gr.

2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálanefnd er óheimilt að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess.

9. gr.

25. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

10. gr.

Við 30. gr. laganna (verður 29. gr.) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn að taka gjald fyrir heimaþjónustu samkvæmt gjaldskrá.

11. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna (verður 33. gr.) fellur brott.

12. gr.

Í stað orðanna „svæðisstjórna fatlaðra“ í 3. mgr. 45. gr. laganna (verður 44. gr.) kemur: svæðisskrifstofa málefna fatlaðra.

13. gr.

49. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna (verður 54. gr.):

- a. Í stað orðanna „svæðisstjórn um málefni fatlaðra“ kemur: svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.
- b. Í stað orðanna „lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983“ kemur: lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

15. gr.

Í stað orðanna „66. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 65. gr. laganna (verður 63. gr.) kemur: 64. gr.

16. gr.

Við 66. gr. laganna (verður 64. gr.) bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, sbr. 3. mgr. 21. gr.

17. gr.

Á eftir 67. gr. laganna (verður 65. gr.) kemur nýr kafli, XVIII. kafli, **Ýmis ákvæði**, með einni nýrri grein, svohljóðandi:

Veitt aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnaður við heimferð greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 35

LÖG

6. maí 1997

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum hlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang félags, svo og skráningaraðila og hugsanlegt skráningarnúmer, annað en kennitölu. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi þess. Sé hlutafé tilgreint á þessum skjölum skal tilgreina það hlutafé sem áskrift hefur fengist fyrir og greitt er. Ef heiti hlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslita-meðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Orðin „og verulega hlutdeild í afrakstri þess“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.